

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps**  
**vegna Kröflulínu 3 og efnistökusvæða.**

Skipulagsstofnun staðfesti 8. apríl 2019 breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030 sem samþykkt var í sveitarstjórn 15. mars 2019.

Með breytingunni er sett fram stefna sveitarstjórnar um endanlega legu og útfærslu á Kröflulínu 3 auk þess sem fjögur efnistökusvæði (E17, E18, E19 og E20) eru skilgreind á sunnanverðri Fljótsdalsheiði vegna byggingar línunnar.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 8. apríl 2019.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

---

*Ottó Björgvin Óskarsson.*